

## Frumvarp til laga um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga

Í eftirfarandi samantekt verður fjallað um nokkur atriði í frumvarpi til laga um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga (JS) sem lagt hefur verið fram í samráðsgátt stjórnvalda.

Í stað þess að fjalla um áhrif frumvarpsins á fjármál einstakra sveitarfélaga þá mun aðaláhersla í umsögninni beinast að þeirri heildarmynd sem birtist í frumvarpinu.

### Almennur inngangur

1. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að við undirbúning að frumvarpi þessu hafi verið haft að markmiði að efla sveitarstjórnarstigið á Íslandi, auka sjálfbærni sveitarfélaga og bæta þjónustu sveitarfélaga við íbúa landsins. Ekki er skilgreint hvað felst í hugtakinu „sjálfbærni sveitarfélaga“. Líkur er hægt að leiða að því að það feli í sér að þau verði fjárhagslega sjálfstæðari í framtíðinni en þau hafi verið fram til þessa. Eðlilegt er því að því markmiði skuli fundinn staður í frumvarpi þessu.
2. Ekki er að sjá glögg áhrif þess í frumvarpinu sem skýtur stoðum undir það markmið að sveitarfélögin verði sjálfbærari í framtíðinni eða fjárhagslega sjálfstæðari en þau hafa verið til þessa. Skipan tekjustofna JS og fyrirkomulag þeirra eru óbreyttir. Við endurskoðun á regluverki JS er því verið að deila út fjármagni sem er fjármagnað á sama hátt og verið hefur. Aftur á móti er fjármagn flutt frá sumum sveitarfélaganna og fært til annarra. Það þýðir að einhver sveitarfélög verða betur stödd fjárhagslega eftir gildistöku nýrra laga um JS en önnur verða ver stödd fjárhagslega. Ekki er opnað fyrir breytt fyrirkomulag á fjárhagslegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga, né opnað fyrir umræðu um hvort þörf sé á auknu fjármagni inn í jöfnunarkerfið.
3. Ekkert er opnað fyrir möguleika á að tekið verði upp markvissara samstarf ríkis og sveitarfélaga um hvernig skuli mæta auknum útgjöldum vegna nýrra kostnaðarliða sem falla á sveitarfélögin. Má þar til nefna kostnað sem fellur til vegna alþjóðlegra samninga sem einstakir ráðherrar skrifa undir eða vegna lagasetningar sem Alþingi lögfestir í framhaldi af slíkum undirskriftum.
4. Lögð er áhersla á það í greinargerð með frumvarpinu að bæta skuli gæði jöfnunarkerfisins, einfalda útreikninga og skipulag sjóðsins. Í þessum markmiðum felst ákveðin þversögn. Með því að einfalda úthlutunarreglur sjóðsins er líklegt að erfiðara verði að endurspegla þarfir flókins og margbreytilegs sveitarstjórnarstigs í landinu. Líkja má slíkri einföldun á regluverki sjóðsins við að teiknuð sé mynd af Íslandi þar sem forskriftin er að hafa myndina nógu einfalda. Það er flókið að teikna mynd af Íslandi og ekki auðvelt að gera það á einfaldan hátt svo skammlaust sé. Á sama hátt liggur það í hlutarins eðli að það er flókið að byggja upp regluverk til úthlutunar jöfnunarframlögum til sveitarstjórnarstigsins svo vel sé, þar sem sveitarfélögin sem slík eru mjög margbreytileg að stærð og uppbyggingu. Lýðfræðileg samsetning þeirra er mjög mismunandi svo eru verkefni sveitarfélaganna bæði margbreytileg og fjölbætt.
5. Því er ekki ósennilegt að sú markmiðsetning að einfalda regluverk JS til úthlutunar fjármagns til sveitarfélaganna leiði það af sér að úthlutun þess verði ómarkvissari en ella. Einföldun regluverks JS getur því aldrei verið fyrsta markmið við skipulag hans, óháð því hvernig úthlutun fjármagns verður.

6. Eins og kmeur fram í athugasemdum sveitarstjóra Dalabyggðar þá muni sveitarfélagið fá lægri framlög úr JS ef frumvarpið verður samþykkt óbreytt en verið hefur að núgildandi reglum. Erfitt er að færa rök fyrir því að Dalabyggð hafi flokkast er „fyrirjöfnunarsveitarfélag“. Dæmigert fámennt og dreifbýlt lágtekjusveitarfélag.
7. Draga má í efa að sú ákvörðun að nýta margþætta aðhvarfsgreiningu (multiple regression) við ákvörðun hluta útgjaldaframlaga JS verði til þess að skilningur vaxi meðal almennra sveitarstjórnarmanna á því hvernig framlög JS til sveitarfélaganna séu reiknuð út.
8. Rétt að draga benda á í þessu sambandi að Ísland er eitt hinna norrænu ríkja sem hefur þá skipan mála við tekju- og útgjaldajöfnun sveitarfélaga sem birtist í umræddu frumvarpi. Ekkert annað hinna norrænu ríkja byggir upp sérstakan sjóð til að fjármagna jöfnunarkerfi sveitarfélaga. Í öllum öðrum norrænum ríkjum er fjármögnun á jöfnunarkerfi sveitarfélaga þannig fyrir komið (mjög einfölduð lýsing) að í fyrsta lagi er til staðar innri jöfnun sveitarfélaga sem þýðir að fjármagn er tekið af tekjuháum sveitarfélögum og fært til þeirra tekjulægri eftir ákveðnum reglum. Í annan stað er það sem vantar á fjármögnun jöfnunarkerfisins fjármagnað með greiðslum úr ríkisjóði viðkomandi landa samkvæmt ákveðnu regluverki.
9. Þannig fer þörf á greiðslum úr ríkissjóði viðkomandi landa til jöfnunar á fjárhagslegri aðstöðu sveitarfélaganna eftir því hvernig árar hjá sveitarfélögum á hvert og hvaða þörf þau hafa fyrir greiðslur samkvæmt kerfi jöfnunarframlaga.
10. Fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga í Noregi, Danmörku og Svíþjóð fara eftir formföstu og grónu fyrirkomulagi þar sem ríkir trúnaður og traust milli aðila. Á Íslandi og í Finnlandi eru hin fjárhagslegu samskipti ríkis og sveitarfélaga ekki eins formföst enda virðist svo að þar séu meiri sveiflur milli ára í afkomu og fjárhagslegri stöðu sveitarfélaga.
11. Í Noregi (Konsultationsordningen), Svíþjóð (Finansieringsprinsippet) og Danmörku (DUT/Det Udvidede Totalbalansprinsippet) er í gildi ákveðið regluverk sem unnið er eftir til að meta kostnað sveitarfélaga sem fellur til vegna nýrra verkefna sem færð eru til þeirra. Undir það fellur bæði kostnaðarmat á nýjum verkefnum svo og hvernig viðbótarútgjöldum sveitarfélaga vegna þeirra skuli mætt.
12. Fyrrgreint skipulag, þar sem fjárhagslegt samstarf ríkis og sveitarfélaga, hefur leitt til aukins trausts og aukinnar fagmennsku í fjárhagslegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga í viðkomandi löndum.
13. Eins og kemur fram í frumvarpi til laga um JS eru verkefni sjóðsins af ýmsum toga.
  - a. Í fyrsta lagi annast JS greiðslu almennra jöfnunarframlög til sveitarfélaga sem tengjast jöfnun vegna ólíkra (mismunandi) tekjumöguleika einstakra sveitarfélaga og jöfnun vegna ólíkra (mismunandi) útgjaldaþarfar.
  - b. Í annan stað sér JS um ýmsar greiðslur sem kallast einu nafni „Bundin framlög“ sem falla ekki undir jöfnunarframlög sem slík.
  - c. Í þriðja lagi annast JS ýmsar greiðslur sem kallast einu nafni „Sérstök framlög“ sem ekki falla að heldur undir jöfnunarframlög (sameining sveitarfélaga, framlög vegna fjárhagserfiðleika, vatnveitur að lögbýlum v. sérstakar aðstæður, höfuðborgar og skólaakstur. Að lokum er heimilt að veita sérstökum verkefnum framlag sem m.a. hafa mikla þýðingu fyrir sveitarfélag og / eða leiða til hagræðingar í rekstri þeirra.

- d. Í fjórða lagi eru sérstök framlög vegna reksturs grunnskóla. Undir þennan lið falla bæði framlög sem flokkast sem jöfnunarframlög og síðan ýmis framlög sem flokkast ekki sem jöfnunarframlög.
- e. Í fimmta lagi eru framlög vegna málefna fatlaðra en sér deild skal starfa innan JS vegna málefna fatlaðs fólks.
- f. Í sjötta lagi er starfræktur Fasteignasjóður JS sem skal jafna aðstöðu við uppbyggingu eða breytingar á fasteignum sem nýtast við þjónustu við fatlað fólk.

Ekki er hægt að segja að uppbygging JS sé einföld þegar þessi mynd er dregin upp. Að hluta til annast JS framkvæmd á greiðslum úr ríkissjóði til sveitarfélaga sem eiga ekkert skylt við jöfnunaraðgerðir. Rökrétt hefði því verið að við fyrrgreinda lagabreytingu hefði verið sgerð skýr skil á milli þess hluta JS sem annast beinar jöfnunaraðgerðir til handa sveitarfélögum landsins og síðan þess hluta sjóðsins sem annast geiðslur til sveitarfélaga og tengdra stofnana sem ekki geta fallið á neinn hátt undir jöfnunaraðgerðir vegna mismunandi tekjumöguleika og rekstrarkostnaðar einstakra sveitarfélaga.

#### Frumvarp til laga um JS

14. 1. Gr. „Hlutverk Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er að jafna mismunandi útgjaldaþörf og skatttekjur sveitarfélaga með framlögum úr sjóðnum á grundvelli ákvæða laga, reglugerða og vinnureglna sem settar eru um starfsemi sjóðsins“

Hér kemur skýrt fra að hlutverk JS er að jafna útgjaldaþörf og skatttekjur sveitarfélaga. Því er það ekki hlutverk sjóðsins, skv. 1. gr. að vera hvati til breytinga á skipan sveitarfélaga s.s. með því að hygla einni tegund sveitarfélaga eða einni gerð sveitarfélaga umfram önnur.

15. 2. Gr. Hér kemur fram að ekkert er hróflað við því tekjuformi JS sem hefur verið unnið eftir um árábil. Framlög til sjóðsins er sett sem ákveðið hlutfall af innheimtum skatttekjum ríkissjóðs, ákveðið hlutfall af álagningarstofni útsvars næstliðins árs og ákveðin hlutdeild í útsvarstekjum sveitarfélaga. Það leiðir til þess að JS fær auknar tekjur þegar vel árar hjá ríki og sveitarfélögum (og þörf sveitarfélaga fyrir framlög úr sjóðnum eru minni en ella), en tekjur hans dragast saman þegar harðnar á dalnum (og þörf sveitarfélaga fyrir framlög úr sjóðnum vex ef eitthvað er). Þetta þýðir með öðrum öðrum að núverandi fyrirkomulag á fjármögnun JS eykur hagsveifluna og kyndir þannig undir óstöðugleika í opinberum fjármálum.
16. Fyrrgreint fyrirkomulag á greiðslum til JS gerir það að verkum að ríkisvaldið ber mjög litla ábyrgð hvað varðar fjárhagsstöðu sveitarfélaga. Þróist fjárhagsstaða sveitarfélaga til verri vegar, einhverra hluta vegna, þá getur liðið mjög langur tími ríkið samþykkir að taka þátt í viðræðum um að lagfæra fjárhagsstöðu þeirra sveitarfélaga sem standa höllum fæti fjárhagslega. Síðan er langur vegur frá því viðræður hefjast þar til einhver niðurstaða fæst, og óvíst hvernig hún verður yfir höfuð. Það er ríkisvaldinu því eðlilega hagsfellt að hafa fyrirkomulag á tekjustofnum JS á þann veg sem þeim er skipað nú og verður áfram miðað við fyrirleiggjandi frumvarp.
17. Rétt er að minna á að sú hlutdeild í útsvarstekjum sveitarfélaga sem rennur til JS er ekki tekju- og gjaldafærð hjá sveitarfélögum, heldur rennur þessi fjárhæð beint til JS af innheimtri staðgreiðslu.

18. Ekkert er hróflað við formi þess hluta greiðslna úr JS sem flokkast undir „bundin framlög“. Þau renna m.a. til Sambands íslenskra sveitarfélaga (hagsmunasamtaka sveitarfélaga) til landshlutasamtaka sveitarfélaga (staðbundinna bundinna hagsmunasamtaka sveitarfélaga), Innheimtustofnunar sveitarfélaga og Tryggingastofnunar. Rétt hefði verið að í þeirri endurskoðun sem farið hefur fram á regluverki JS hefði því verið velt upp hvort hagsmunasamtök þau, sem hér um ræðir, eigi að fá rekstrarfé sitt greitt á svo sjálfvirkan hátt sem hér um ræðir í stað þess að umræddir fjármunir myndu renna beint til sveitarfélaganna og þau myndu síðan hvert og eitt greiða hagsmunasamtökum sína hlutdeild í reksti þeirra.
19. Hagsmunasamtök sveitarfélaga í öðrum norrænum ríkjum eru ekki fjármögnuð á þennan hátt. Í fyrsta lagi greiða sveitarfélög viðkomandi lands aðildargjöld til hagsmunasamtaka sinna og í öðru lagi er starfsemi hagsmunasamtakanna að hluta til fjármögnuð með sölu þjónustu til einstakra sveitarfélaga (eins og er vissulega gert héraendis s.s. varðandi hluta kostnaðar við störf kjarasviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga).  
Rétt er að minna á að hin bundnu framlög eru ekki færð til útgjalda í rekstrarreikningum sveitarfélaganna og falla þau því ekki undir uppgjör á fjárhagslegum umsvifum sveitarfélagageirans á Íslandi.
20. Eðlilegt er að benda á að undir hin sérstöku framlög falla framlög JS til greiðslu stofnkostnaðar við vatnsveitur á lögbýlum „þar sem hagkvæmara er að mati sveitarstjórnar að leggja vatnsveitu að einstökum bæjum“. Falla slíkar greiðslur undir verkvið JS eða sveitarfélaganna yfir höfuð?
21. Í 7. gr. Kemur fram að við útreikninga á jöfnunarframlögum skuli miða við hámarksnýtingu útsvarsálagningar sveitarfélaga og hámarks skatthlutfalls fasteignaskatts. Við þetta er ýmislegt að athuga.  
Í fyrsta lagi má benda á að slíkar reiknireglur eru ekki nýttar við útreikning jöfnunarframlaga í öðrum norrænum ríkjum. Sem dæmi má t.d. nefna að í Danmörku er ekkert hámark á álagningarhlutfalli útsvars (þess hluta tekjuskatts tekjuskatts sem hver einstaklingur greiðir til síns sveitarfélags). Í Noregi er einungis hluti sveitarfélaga sem nýtir lögbundna möguleika sína til að leggja á fasteignaskatt. Engu að síður eru greidd jöfnunarframlög til allra þeirra sveitarfélaga þessara landa sem uppfylla gildandi reglur um tekjujöfnunarframlög og útgjaldajöfnunarframlög.  
Í öðru lagi liggur það í hlutarins eðli ef eðli hámarksálagningarhlutfalls fasteignaskatts breytist úr því að vera lögbundið þak á möguleikum sveitarfélaga til skattlagningar (nokkurskonar öryggisþak) yfir í að vera grundvöllur reiknireglu sem skal notuð til að greiðslur úr JS taki mið af hámarksmöguleikum viðkomandi sveitarfélags á skattlagningu íbúanna, þá er eðli hámarks á álagningarhlutfall útsvars og fasteignaskatts orðið gjörbreytt. Því liggur beint við að álykta hvort það væri sveitarfélögunum í hag ef slíkt hámark væri afnumið úr lögum um tekjustofna sveitarfélaga.
22. Í 7. gr. eru sveitarfélögin flokkuð í þrjá stærðarflokka, íbúafjöldi undir 2000 íbúar, íbúafjöldi milli 2000 – 7000 í búa og sveitarfélög með yfir 7000 íbúa. Ekki fer hjá því að sú spurning vakni hvaða þýðingu þessi stærðarflokkun hafi. Hver er munur á almennum jöfnunarframlögum til sveitarfélags sem er með 1999 íbúa og sveitarfélags sem er með 2001 íbúa, svo dæmi sé tekið, sem helgast einvörðungu af þessari flokkun sveitarfélaga í stærðarflokka.

23. Fram kemur að inn í útreikningum á útgjaldajöfnunarframlagi hafa verið teknar inn nýjar breytur s.s. sem varðar breytingar á íbúafjölda til fjölgunar/fækkunar umfram ákveðin mörk. Er það vel. Á hinn bóginn vekur það aftur á móti athygli að ekki skuli tekið tillit til þeirra gríðarlegu breytinga á lýðfræðilegri samsetningu sem átt hefur sér stað á Íslandi á liðnum áratug eða svo, með miklum innflutningi erlends fólks. Eina breytan, sem tengist þessari þróun, er hlutfall barna af erlendum uppruna á aldrinum 0-5 ára.
24. Ekki kemur fram hvaða forsendur eru notaðar til að skilgreina þéttbýliskjarna sbr. 1. gr. viðauka og hvort sé gerður greinarmunur á þéttbýliskjörnum t.d. eftir íbúafjölda þeirra eða eftir því hvaða þjónustu er að finna innan einstakra þéttbýliskjarna.
25. Á þetta er minnst sérstaklega vegna þess hve staða einstakra sveitarfélaga er afar misjöfn hvað þetta varðar. Þar er bæði átt við fjölda erlendra barna í grunnskólum landsins svo og fjöldi hælisleitenda sem búsettir eru innan einstakra sveitarfélaga. Margþáttað verkefni, sem tengjast fyrrgreindum verkefnum tengjast einnig verksviði og umfangi félagsþjónustu. Þar má t.d. nefna umfang almennrar félagsþjónustu, sértækra barnaverndarmála og atvinnuleysi, svo dæmi séu nefnd. Umfang þessara verkþátta getur haft veruleg áhrif á rekstrarkostnað einstakra sveitarfélaga án þess að þeir séu teknir með sem breytur við útreikning útgjaldajöfnunarframlags.
26. Á hinn bóginn liggur það fyrir að eftir því sem þeim breytum fjölgar, sem liggja til grundvallar útreikningum á útgjaldajöfnunarframlagi, þá verður erfiðara að koma þeim fyrir í margþættri aðhvarfsgreiningu (multiple regression) við útreikninga á þörf einstakra sveitarfélaga fyrir útgjaldajöfnun.
27. Ein mesta fjármagnstilfærsla innan þess jöfnunarkerfis íslenskra sveitarfélaga, sem kynnt er í fyrirbyggjandi frumvarpi um JS, er afnám fasteignaskattsframlagsins og breytt úthlutun þess fjármagns sem greitt hefur verið til sveitarfélagana sem slíkt.
28. Með lögum 144/2000 var horfið frá því að miða álagningarstofn fasteignaskatts við afskrifað endurstofnverð fasteigna sem margfaldað var með markaðsstuðli fasteigna í Reykjavík. Þess í stað skyldi stofn til álagningar fasteignaskatts vera fasteignamat á hverjum stað. Þessi breyting hafði í för með sér verulega skattalækkun á íbúa landsbyggðarinnar. Að óbreyttu hefði þessi aðgerð þýtt verulegt tekjutap fyrir þau sveitarfélög sem voru með lægra fasteignamat heldur en var til staðar í Reykjavík. Því var fasteignaskattsframlagið innleitt til að bæta sveitarfélögunum fyrirsjáanlegt tekjutap vegna fyrrgreindrar breytingar.
29. Enda þótt miklar breytingar hafi átt sér stað í þróun fasteignamarkaðar á þeim tæpa aldrarfjórðungi sem liðinn er frá því að lög nr. 144/2000 voru sett þá er það enn svo að fasteignamat íbúðarhúsnæðis er lægra en í Reykjavík víðast hvar á landinu. Fasteignaskattur er víðast á landsbyggðinni nýttur að hámarki á meðan álagningarhlutfall fasteignaskatts er mun lægra á höfuðborgarsvæðinu.
30. Fari það svo að verði fasteignaskattsframlagið fellt niður, og þeim fjármunum, sem úthlutað var í gegnum það, verði úthlutað eftir allt öðrum forsendum þá mun það hafa í för með sér miklar tilfærslur á fjármunum milli einstakra sveitarfélaga. Skiptir þá ekki máli enda þótt um stuttan aðlögunartíma verði að ræða. Nauðsynlegt hlýtur að vera að kortleggja afleiðingu þessarar breytingar nákvæmlega svo skýrt liggir fyrir hvort niðurstaðan hafi gert úthlutunarreglur JS skilvirkari eftir en áður.

31. Rétt er að minna á að um fasteignaskattsframlagið var gerður sérstakur samningur milli ríkis og sveitarfélaga á sínum tíma. Það er því flóknara en svo að breyta þessu fyrirkomulagi að það sé gert með einfaldri lagabreytingu.
32. Í 14. gr. frumvarpsins er kveðið á um að ráðherra sé heimilt, að fenginni tillögu ráðgjafanefndar JS, til að halda eftir 5% (ekki allt að 5%) af árlegum tekjum sjóðsins, sem verja skal til greiðslu jöfnunarframlaga skv. a- og b-lið 1. mgr. (vantar tilvísun í ákv. gr. frumvarpsins).
33. Ekki er neitt tilgreint frekar um forsendur, framkvæmd eða tilgang þessa ákvæðis í frumvarpinu. Í greinargerð er í skýringum við 14. gr. kveðið á um að þeir fjármunir sem lagðir yrðu til hliðar skv. þessu ákvæði yrðu nýttir til að mæta ófyrirséðum atvikum eða til að draga úr tekjufalli sveitarfélaga ef ráðstöfunartekjur sjóðsins myndu skyndilega lækka.
34. Ekki er kveðið á um að þessu ákvæði skuli einungis beitt ef tekjur sjóðsins séu meiri en gert var ráð fyrir eða væru að öðru leyti hærrí en sveitarfélögin hafa þörf fyrir. Ekki er annað að sjá en að með ákvæði þessu er ríkisvaldið að opna fyrir möguleika á að firra sig ábyrgð á að bregðast við ef rekstur sveitarfélaga verður erfiðari en ætlað var vegna skyndilegra breytinga á rekstrarforsendum. Hjá öllum öðrum norrænum ríkjum fer ríkissjóður með sveiflujöfun við breytilegar rekstraraðstæður sveitarfélaga.
35. Í Svíþjóð hafa verið sett lög um að sveitarfélögin geta byggt upp slíkan sveiflujöfnunarsjóð á eigin forendum. Þau leggja fé í sjóðinn þegar góðæri ríkir en færa fé úr sjóðnum til rekstursins skv. ákveðnum forsendum ef harðnar á dalnum. Það þýðir að þeim er heimilt að reka sveitarfélagið með tapi og dekka tapið með fé úr sveiflujöfnunarsjóð sínum svo lengi sem það endist og ákveðnar forsendur eru fyrir hendi. Mjög fromfastar reglur gilda um ráðstöfun fjár úr slíkum sveiflujöfnunarsjóði. Umsóknun þess efnis skal send til fjármálaráðuneytisins sem annað hvort samþykkir eða hafnar henni. Slíkt fyrirkomulag er miklu markvissara en að leggja til hliðar ákveðið fast hlutfall af heildartekjum sjóðsins.
36. Hér að framan hefur verið farið nokkrum orðum um frumvarp það um JS sem liggur frammi í samráðsgátt stjórnvalda. Að mati undirritaðs hefði mátt nota það tækifæri, sem gafst við heildarendurskoðun reglna sjóðsins, til að endurskoða fyrirkomulag á fyrirkomulagi jöfnunargreiðslna sveitarfélaga frá grunni. Margir áratugir hafa liðið frá því JS var settur á laggirnar. Í upphafi var umfang hans mjög lítið og verkefni tilfölsulega einföld. Jöfnunarkerfi og jöfnunarþörf sveitarfélaga hefur, á þeim áratugum sem liðin eru, margfaldast að umfangi og flækjustigi. Í hvert sinn sem verkefni sveitarfélögin hafa tekið við nýjum verkefnum eða einhverjar stærri breytingar hafa orðið í rekstrarforsendum þeirra, þá hefur verið þrjónað við JS með nýrri skúffu. Ýmis verkefni hafa síðan verið færð til hans sem ekki tengjast jöfnunargreiðslum til sveitarfélaga. Þar til viðbótar hafa verið færð verkefni til hans sem tengjast sveitarfélögunum ekki neitt s.s. stuðningur við vatnsveitur á lögbýlum. Þessi þróun hefur leitt til þess að mjög almennt er að JS þykir flókin og jöfnunarkerfið ógagnsætt. Ekki verður séð að úr því hafi verið bætt í fyrirliggjandi frumvarpi.

Reykjavík 13. desember 2023

GAJ ráðgjöf slf/Gunnlaugur Auðunn Júlíusson hagfræðingur og MS í fjármálastjórnun sveitarfélaga